

# Gátlisti fyrir jólapróf í íslensku

## 8. SBG

Prófið er annars vegar úr 4. lotu í Skerpu en hins vegar lesskilningur úr ólesnum texta.

Undirbúningur felst í því að rifja upp eftirfarandi þætti:

- **Stafsetning** (Sjá glósur úr 4. lotu í Skerpu og Skriffinn):
  - Reglur um j.
  - Reglan um að kvenmannsnöfn sem enda á –unn eru með tveimur n-um.
  - Minn og mín reglan.
  - Nota stofn sagnorða til leiðbeiningar um rithátt, til að forðast stafavíxl.  
Samanber að nota stofn sagnarinnar tefla til að rita aðrar myndir hennar: tefldi, tefldum.
- **Málfræði** (Sjá glósur úr 4. lotu í Skerpu og Málfinn):
  - Þekkja einkenni sagnorða:
    - Þau segja frá því sem gerist og þau tíðbeygjast (nú tíð og þá tíð).
  - Geta fundið stofn sagnorða (stofn finnst í nafnhætti –a)
    - að fara → **far-a**
  - Þekkja mun veikra og sterkra sagna.
  - Þekkja nafnháttarmerki.
  - Geta beygt sagnir í kennimyndum.
  - Þekkja boðhátt (et. og ft.) og nafnhátt og geta sett sagnir í þessa hætti.
- **Bókmenntir** (Sjá 4. lotu í Skerpu):
  - Geta greint á milli þjóðsagna, ævintýra og draugasagna.
- **Annað** (Sjá 4. lotu í Skerpu):
  - Geta útskýrt málshætti / orðtök úr orðasúpunni í 4. lotu.

Munið svo að „kapp er best með forsjá.“ Með þessum orðum á ég við að ekki borgar sig að flýta sér um of í prófum, heldur vanda sig, lesa fyrirmæli vandlega og fara yfir prófið áður en því er skilað.

Gangi ykkur vel, Lilja

Lilja Guðný